

Ed.

519. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 45 7. maí 1946, um beitumál.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hluti nefndarinnar vill afgreiða málið með rökstuddri dagskrá, en við undirritaðir leggjum til, að frumvarpið verði samþ. með smávægilegri breytingu.

Eins og vikið er að í greinargerð beitunefndar fyrir frumvarpinu, hefur verið á beitusíld til frýstingar orðið mjög mishátt, eftir því á hvaða tíma árs og með hverjum hætti hún er veidd. Hefur herpinótasíldin, sem veiðt hefur í Hvalfirði, orðið langsamlega ódýrust. Þetta hefur í för með sér þá hættu, að þeir, sem frystu hina dýrari síld á s. l. sumri og hausti, sitji uppi með hana óselda, ef ekki reynist þörf fyrir alla síldina, sem fryst hefur verið, en hinir, sem nutu síldveiðanna í Hvalfirði, selji fyrst alla sína beitusíld. Af þessu mundi hins vegar leiða það, að á komandi sumri og hausti mundu menn ekki vilja taka á sig þá áhættu að frysta til beitu hina dýrari síld, heldur láta reka á reiðanum, í von um, að næg síldveiði verði í Faxaflóa næsta vetur. Færi hins vegar svo, að sú síldveiði brygðist, skapaðist það alvarlega ástand, að útvegurinn hér á Suðvesturlandi stæði uppi á vetrarvertíðinni með litla eða enga beitusíld. Þarf ekki að lýsa því, hversu alvarlegar afleiðingar það mundi hafa fyrir atvinnulíf landsmanna og gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Tilgangur frumv. er að koma í veg fyrir þessa þróun málanna, með því að heimila ráðherra að ákveða verðjöfnun á beitusíldinni, og teljum við það nauðsynlega ráðstöfun, eins og viðhorfið er í þessum málum.

Í frumvarpinu er mælt svo fyrir, að frystihúsum skuli skylt „að láta beitunefnd eða Fiskifélagi Íslands í té upplýsingar um beitubirgðir og innkaupsverð á síld til beitufrýstingar.“ Við teljum eðlilegt, að Fiskifélagið eitt hafi með höndum skýrslugerð um þetta efni, og leggjum samkv. framansögðu til, að frumvarpið verði samþ. með svo hljóðandi

BREYTINGU:

Við 1. gr. Orðin „beitunefnd eða“ í 3. málslíð greinarinnar falli niður.

Alþingi, 15. marz 1948.

Steingr. Aðalsteinsson, B. Kristjánsson.
frsm.